

## AUGLÝSING

### **um uppsögn samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi og bókunar um beitingu samningsins gagnvart Liechtenstein.**

Hinn 10. desember 2003 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent uppsagnarskjal Íslands vegna samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi frá 15. júní 1988, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1990, þar sem samningurinn er birtur, og 27/1990. Uppsögnin öðlast gildi 31. desember 2003 og fellur samningurinn þá úr gildi. Jafnframt var sagt upp bókun um beitingu samningsins um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi gagnvart furstadæminu Liechtenstein frá 15. júní 1988, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1990, þar sem bókunin er birt, og 27/1990. Uppsögnin öðlast gildi 31. desember 2003 og fellur bókunin þá úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2003.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*